


Stytting námstíma stúdentsprófsbrauta

Áhrif á inntak bóklegs náms á framhaldsskólastigi og áframhaldandi nám á háskólastigi

Árið 2014 ákváðu stjórnvöld að stytta allar stúdentsprófsbrautir íslenskra framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú. Eitt af aðal markmiðum þessarar ákvörðunar var að takast á við hátt hlutfall brotthvarfs úr framhaldsskólanámi. Styttingin fól í sér miklar breytingar á framhaldsskólanámi þó ekki sé mikið vitað um afleiðingar hennar hvað varðar inntak stúdentsprófsbrauta framhaldsskólanna. Stúdentspróf frá íslenskum framhaldsskóla veitir aðgang að háskólanámi og því má ætla að afdrifaríkar stefnubreytingar á stúdentsprófsbrautum framhaldsskóla hafi áhrif á nám á háskólastigi.



María Jónasdóttir
doktorsnemi og aðjunkt
mojo@hi.is



Elsa Eiríksdóttir
prófessor



Guðrún Ragnarsdóttir
prófessor

Markmið doktorsverkefnisins er að

- kanna áhrif styttingarinnar á inntak stúdentsprófsbrauta og afleiðingar hvað varðar flæði nemenda í gegnum menntakerfið í háskólanám. Það felur í sér að kanna hvernig inntak stúdentsprófsbrauta hefur breyst í kjölfar styttingarinnar almennt og hvernig hún var útfærð innan einstaka skóla út frá breytum eins og skólagerð, stærð og staðsetningu.
- kanna hvort/hvernig styttingin hefur haft áhrif á áframhaldandi nám á háskólastigi með því að skoða flæði nemenda úr framhaldsskóla í Háskóla Íslands
- kanna hvernig Háskólinn hefur aðlagast þessum breytingum á framhaldsskólastigi, m.a. með því að skoða breytingar á aðgangskröfum í Háskólann.

Hvar finn ég meira um rannsóknina?

www.mvrrannsoknir.hi.is 

[IRIS Rannsóknagátt](#) 

Niðurstöður og hagnýtt gildi rannsókna

- Niðurstöður benda til þess að dreifstýrt námskrárumhverfi, ólík stofnanageta og stytting námstíma stúdentsprófsbrauta hafi leitt til ólíkra tækifæri nemenda í námi og undirbúningi fyrir nám á háskólastigi. Þessi breytileiki birtist í ólíkri uppbyggingu námsbrauta, mismunandi framboði náms og ójöfnu aðgengi að framhaldsáföngum.
- Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að styrkja skóla í að tryggja nemendum aðgang að námi með skýrri fræðilegri dýpt og að áfangar séu í boði með reglubundnu millibili; þetta kallar á endurskoðun reiknireglna og markvissari fjárhagslegan stuðning sem gerir skólum kleift að viðhalda samfelldum og traustum námsleiðum fyrir alla nemendur.
- Niðurstöður verkefnisins munu hafa hagnýtt gildi fyrir áframhaldandi rannsóknir, þróun og umbætur á framhalds- og háskólanámi og flæði nemenda á milli skólastiganna tveggja.